

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

AKUREYRI MUSEUM



Alþingi

Erindi nr. P 135/1853

komudagur 19. 3. 2008

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi, 150 Reykjavík.

18. mars 2008

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipafriðunarsjóð, þingskjal 256, mál 236.

Mjög tímabært er að stofna sjóð til varðveislu gamalla fiskiskipa, eftir nánari skilgreiningu eins og við á.

Efni tillögunnar segir flest sem segja þarf. Slíkan sjóð þarf að tengja vel því höfuðsafni sem hefur með varðveislu sjóminja og stefnumótun á því sviði að gera, en líka má benda á að mörg önnur söfn búa yfir sérfræðipækkingu á sjávarútvegssviði og reynslu af varðveislu báta.

Æskilegt væri að móta og kynna vel reglur um forgangsröðun þegar kemur að úthlutun úr slíkum sjóði. Hér reynir á yfirsýn yfir söguna, það almenna og það sértæka.

Jafnframt þarf að skýra leyfilega notkun verndaðra báta, til dæmis til ferðamennsku.

Virðingarfyllt,


safnstjóri.